



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasund 1
150 Reykjavík**

Selfossi, 19. október 2019
1910069HS SG

Efni: Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir (viðaukar). Mál nr. 243/2019 – umsögn

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 7/1998. *Mál nr. 243/2019* sem er birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins með umsagnarfresti: 04.10.2019–25.10.2019. Málið þetta tengist máli nr. S-179/2019 sem var til umsagnar á sl. sumri 09.07.2019—23.08.2019.

Efni frumvarpsins:

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi í þá veru að einungis verði gerð krafa um starfsleyfi eða að starfsemi sé skráð þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Markmið með frumvarpinu er að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings.

1. Almennt:

Það er mat Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að markmið frumvarpsins, þ.e. einföldun regluverks í þágu íbúa og atvinnulífs, náist ekki fram með því og snúist jafnvel upp í andhverfu sína.

2. Athugasemdir við breytingar á listum í viðaukum IV og V í lögum nr. 7/1998:

Því er mótmælt að flokkar heilbrigðisþjónustu verði strikaðir út af ofangreindum listum, s.s.:

- Rannsóknarstofur þar sem notuð eru eða geymd hættuleg efni eða meðhöndluð sóttmenguð sýni.
- Sjúkraþjálfun
- Samþýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn

Skýring:

Embetti Landlæknis fer ekki í eftirlit með húsnæði og aðbúnaði heilbrigðisþjónustu, heldur krefst Landlæknir starfsleyfa frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga skv. núverandi kerfi og það er HES sem fer í eftirlit á þessa staði og gefur Landlækni umsagnir um húsnæði og aðbúnað áður en hann veitir heilbrigðisþjónustu leyfi til að starfa.



Aðrir fyrirtækjaflokkar af af lista V þurfa að vera inni:

- Hestaleigur og reiðskólar (m.t.t. aðbúnaðar og öryggis neytenda)
- Samkomuhús (vegna aðbúnaðar gesta á samkomu- og skemmtistöðum ofl. – þarna undir eru einnig söfn sem hafa þurft að sýna fram á starfsleyfi frá HES til að fá ýmsa styrki frá ríkinu)

Því er jafnframt mótmælt að starfsleyfisskylda mengandi fyrirtækja falli niður:

- Trésmíðaverkstæði (loftmengun, sorp)
- Niðursuðuverksmiðjur (frárennsli, loftmengun)
- Reykhús og reykofnar (loftmengun)
- Kartöfluvinnsla (mjög mengandi frárennsli vegna sterkjum)
- Lauksteikingaverksmiðjur (loftmengun, frárennsli)
- Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
- Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða
- Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi
- Gámastöðvar! (hér þarf að skýra betur við hvaða starfsemi er átt)
- Stórar spennistöðvar (hætta á olíumengun t.d. á vatnsverndarsvæðum)
- Brennur!
- Ýmis tímabundin aðstaða, svo sem farandsalerni, farandeldhús og vinnubúðir sem tengjast tímabundnum framkvæmdum (ath. starfsemi sem hefur verið í tengslum við virkjanaframkvæmdir, kvíkmyndatökur ofl.)
- Almenningssalerni (mengunarhætta s.s. á vatnsverndarsvæðum og t.d. almenningssalerni á Hakínus á Þingvöllum sbr. lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess)

Jafnframt er það árétt að heimildir HES til eftirlits þurfa að vera skýrar í þessum grundvallarlögum heilbrigðiseftirlits og er hér með lögð áhersla á að öll starfsemi sem HES þarf að hafa eftirlit með verður að vera talin upp í listum í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ef embættin eiga að hafa möguleika á að beita sér á þessum stöðum þegar á þarf að halda.

3. Leiðréttning á rangfærslum SI og SA í umsögn þeirra um mál nr. S-179/2019, sem er nátengt máli þessu:

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) hefur eftirlitshlutverk samkvæmt þeim viðaukum sem eru hér til umfjöllunar í frumvarpsdrögum. Þetta eftirlit felst í að gæta hagsmuna neytenda þegar sem um er að ræða eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum og einnig er hlutverk HES að gæta hagsmuna náttúrunnar, þ.e. þegar um er að ræða eftirlit með mengandi starfsemi.

HES er rekið á sveitarstjórnarstiginu af og að hluta til á kostnað sveitarfélaganna sem að því standa. Enda er hluti af verkefnum heilbrigðiseftirlits að veita umsagnir á grundvelli þeirra laga sem eru hér til umfjöllunar, - til skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélaganna vegna m.a. aðal- og deiliskipulagsgerðar og umsagnir um teikningar þegar stærri verk eru á döfinni s.s. hótelbyggingar, skólabyggingar og slíkt.




HES hefur mikilvægu hlutverki að gegna í stjórnsýslunni og það eru engin önnur eftirlitsstjórvöld sem sjá um það hlutverk eins og fullyrt er í umræddri sameiginlegrí umsögn framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins sem hefur verið birt í Samráðsgátt Stjórarráðsins vegna breytinga á lögum þessum. Virðist sem umsögn þessi sé byggð á grundvallar misskilningi á hlutverki Heilbrigðisnefnda í stjórnsýslunni og sér undirrituð sig því knúna til að svara þessum rangfærslum:

Vinnueftirlit ríkisins sér um að gæta hagsmuna starfsmanna þegar kemur að aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum, HES gætir hagsmuna neytenda. Neytendastofa hefur engu hlutverki að gegna varðandi eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum. Embætti Landlæknis fer ekki í eftirlit með húsnæði og aðbúnaði heilbrigðisþjónustu, heldur krefst Landlæknir starfsleyfa frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og það er HES sem fer í eftirlit á þessa staði og gefur Landlækní umsagnir áður en hann veitir heilbrigðisþjónustu leyfi til að starfa sem heilbrigðisþjónusta. Það eru mýmörg dæmi um að heilbrigðiseftirlit hafi hlutast til um úrbætur á slíkum stöðum auk þess sem stöðum hefur verið lokað í kjölfar úttekta HES þegar þau hafa verið orðin úrelt.

Hér með er því mótmælt að eftirliti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sé ofaukið og að það væru mikil mistök að strika lista IV og V í viðauka út úr lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri